



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## BÓKIN

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Bókin
- Menningardagar
- Val um framhaldsskóla
- Flottur upplestur í Hafnarborg
- Frábær frammistaða í Skólahreysti
- Margvísleg verkefni
- Dagskrá á sal

Ágætu forráðamenn,

Dagana 19. - 22. mars eru menningardagar í Áslandsskóla. Þá er skólastarfið brotið upp á margvíslegan hátt. **Bókin** er þema menningardaganna að þessu sinni, nemendum er skipt í hópa og unnið verður með bókina á fjölbreyttan hátt.

Mánudag, þriðjudag og miðvikudag stendur skóladagur yfir frá 8.10 - 13.20.

**Fimmtudaginn 22. mars er opið hús í Áslandsskóla frá kl. 12:00 – 17:00** en þá er sýning á afrakstri menningardagana og á vinnu nemenda í vetur. Uppákomur

verða á sal skólans og kemur nánari dagskrá síðar. Einnig verður kaffihús á vegum 10. bekkja.

Þennan dag (fimmtudaginn 22. mars) er ekki hefðbundið skólastarf, nemendur mæta eingöngu eftir hádegi í u.b.b 30 til 60 mínútur og munu umsjónarkennarar senda heim upplýsingar um mætingu og skólatíma nemenda sinna þann daginn. Nemendur í 1. – 4. bekk verða með atriði á sal en eftir það fara þeir nemendur sem eiga dvöl í heildagsskólann þangað, en aðrir eru á ábyrgð forráðamanna.

Þeir foreldrar sem hafa áhuga á að koma við og aðstoða á menningardögum eru hjartanlega velkomnir. Vinsamlegast hafið samband við umsjónakennara, vegna þess.

Við hlökkum til að sjá sem flesta á sýningardaginn, bæði til að njóta þess sem boðið verður uppá og gæða sér á kræsingum á kaffihúsi elstu nemenda skólans.

Virðingarfyllst,

**Leifur S. Garðarsson**  
Skólastjóri Áslandsskóla

### GÓÐI segir:



Ég ætla að útbúa framúrskarandi bókamerki á menningardögum í ár. Hugsanlega með Flórgoða á.

### Úr skólaheimsókn starfsfólks til Helsinki í Finnlandi



Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
**FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.**

# Meningardagar

## Dagskrá á sal

**Andri Freyr Viðarsson** og **Berglind Alda Ástþórsdóttir** fulltrúar Áslandsskóla í Stóru upplestarkeppni kynna atriði dagsins.

### 12:00 Setning

Nemendur í 1. bekk syngja *Stafrófsvísur* eftir Þórarinn Eldjárn

Nemendur í 2. bekk syngja lagið *Bækur*, ljóðið er eftir Þórarinn Eldjárn.

Yngri kór Áslandsskóla syngur 2 lög.

Nemendur í 3. bekk sýna söngleikinn *Latabæ*.

### 13:00

Nemendur í 4. HDL, Ásheimum kynna verkefni um reikistjörnur.

Nemendur í 7. bekk flytja leikþátt um Harrý og Heimi.

Valhópur unglingsdeild sýnir atriði úr söngleiknum *Mamma Mía*.

### 14:30

Nemendur í 4. JDL, Ægisheimum kynna verkefni um reikistjörnur.

Nemendur í 7. bekk flytja leikþátt um Harrý og Heimi.

Nemendur í 3. bekk sýna söngleikinn *Latabæ*.

### 15:30

Eldri kór Áslandsskóla syngur 2 lög

Nemendur í 7. bekk flytja leikþátt um Harrý og Heimi.

Valhópur unglingsdeild sýnir atriði úr söngleiknum *Mamma Mía*.

## Margvísleg verkefni

Nemendum í 1. og 2. bekk er skipt í 7 hópa og fara þeir á milli stöðva og vinna að mismunandi verkefnum. Þeir fara m.a. í heimsókn á Bókasafn Hafnarfjarðar, vinna að gerð *Hrósbókar*, semja sögu og myndskreyta, útbúa bókamerki og ýmislegt fleira spennandi.

Nemendum í 3. og 4. bekk er skipt í 7 hópa og fara á þeir á milli stöðva og vinna að mismunandi verkefnum. Nemendur munu búa til pappír, bókamerki, búa til söguvið í skókassa, fara í leikræna tjáningu, fara í bókasund auk þess sem nemendur í 3. bekk leggja lokahöndina á söngleikinn um Latabæ sem þeir hafa verið að æfa undanfarnar vikur og verður frumsýndur á fimmtudaginn.

Í miðdeild vinna nemendur í 5. og 6. bekk saman að ýmsum verkefnum. Þeir fara í heimsókn í prentsmiðju, búa til bókamerki, æfa sig í upplestri, búa til bækur og ýmislegt annað sem tengist bókinni.

Undanfarnar vikur hafa nemendur í 7. bekk verið að lesa Eglu. Þeir ætla að fræðast nánar um íslensku handritin og heimsækja Þjóðmenningarhúsið. Einnig munu nemendur búa til gestabók, sögubók, bókamerki og búa til klippimynd/klippimyndasögu úr bók.

Nemendum í 8. og 9. bekk er skipt í hópa sem vinna að því að setja upp ímyndað bókasafn á gangi unglingsdeildar á bókasafninu verður hægt að ganga inn í stofur tengdar ákveðnu þema bókmenntanna. Bækur bókasafnsins verða bókakilir sem nemendur hafa búið til út frá þeim kjörbókum og námsbókum sem þeir eru að lesa í skólanum.

Nemendur hafa einnig undanfarnar vikur verið að vinna að margvíslegum verkefnum tengd bókinni. Í dönsku hafa nemendur í 8. bekk unnið barnabækur um vináttu og 9. bekkur "Min danske bog" sem inniheldur m.a. brandara, gátur, sögur og fleira. Í ensku hafa nemendur verið í ferliritun og búið til bækur í framhaldi af því. Allar þessar bækur verða til sýnis á menningardaginn.

Nemendur í 10. bekk verða svo að sjálfsgöðu að undirbúa okkar árlega glæsilega kaffihús sem opið verður frá 12 til 17 á menningardaginn en þemað þar verður úr bókinni "**Hvar er Valli**".

## Vetur, sumar, vor og haust (Kristín Inga úr Jötunheimum)

Finnst þér gaman í snú snú eða

Sparka bolta milli þín og vinar þíns?

Veldu þá sumar og vinur þinn mun leika við þig.

Finnst þér gaman að tína blóm,

synda í læk og velta þér í grasinu?

Veldu þá vor og vinur þinn mun elska þig.

Finnst þér gaman að búa til snjókarl,

Snjóhús eða fara í snjókast?

Veldu þá vetur og vinur þinn mun standa með þér.

Finnst þér gaman að hoppa í laufahrúgu sem hefur fallið af trjánunum?

Veldu þá haustið og vinur þinn mun leika við þig alla ævi.

Vetur, sumar, vor og haust hvaða árstíð valdir þú?

Vetur, sumar, vor og haust hvaða árstíð elskar þú?

Vetur, sumar, vor og haust hvaða árstíð vildir þú að væri nú?

## Frábær frammistaða í Skólahreysti



Stuðningsliðið úr Áslandsskóla stóð sig vel



Flottir fulltrúar Áslandsskóla, keppendur og varamenn

Keppendur Áslandsskóla stóðu sig frábærlega í keppni í Skólahreysti í íþróttahúsinu við Austurberg í gær. Áslandsskóli hafnaði í fjórða sæti í mjög sterkum riðli en stigafjöldi skólans hefði dugað til sigurs í fjórum öðrum riðlum sem búnir eru í ár.

Keppendur okkar, þau **Óliver Þór Davíðsson** (upphýfingar og dýfur), **Silja Rós Pétursdóttir** (armbeygjur og fitnessgreip), **Árni Kári Hafliðason** (hraðabraut), og **Kolbrún Sara Magnúsdóttir** (hraðabraut) stóðu sig einstaklega vel í keppinni.

Fjöldi nemenda Áslandsskóla mætti til að hvetja sitt lið og voru nemendur klæddir í **bláa** boli sem nokkrar stúlkur úr 9. bekk höfðu fjármagnað að eigin frumkvæði. Stórbrotið framtak það.

Helga Huld Sigtryggisdóttir kennari hafði yfirumsjón með nemendum við æfingar og keppni í ár og gerði það framúrskarandi vel.

Röð fimm efstu skólanna í gær var þessi:

Heiðarskóli 81 stig

Holtaskóli 69 stig

Setbergsskóli 63,5 stig

Áslandsskóli 59 stig

Myllubakkaskóli 58 stig

**Til hamingju krakkar – frábært hjá ykkur**



Kraftur, leikni og fimi í okkar fólki



## Flottur upplestur í Hafnarborg



Nemendur Áslandsskóla, þau **Andri Freyr Viðarsson** og **Berglind Alda Ástþórsdóttir**, stóðu sig frábærlega í lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarborg í gær. Þar voru samankomnir 16 lesarar úr grunnskólum Hafnarfjarðar og Álftaness.

Andri Freyr og Berglind Alda lásu bæði textabrot og ljóð og gerðu það framúrskarandi vel. Fyrst lásu keppendur sögubút eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, síðan ljóð að eigin vali eftir Gyrði Elíasson og loks gátu keppendur valið ljóð að eigin vali eftir hvaða höfund sem er.

Allt þetta gerðu Andri Freyr og Berglind Alda framúrskarandi vel, ekki síst ef litið er til þess að bæði áttu við veikindi að stríða þennan daginn en flensa hefur herjað á skólasamfélagið undanfarið hér í fjallinu.

## Val um framhaldsskóla

Nemendur í 10. bekkjum Áslandsskóla hafa nú fengið í hendur **veflykla** sem nýtast við að sækja um skólavist í framhaldsskóla á netinu. Í bréfinu eru einnig ítarlegar leiðbeiningar um umsóknarferlið. Hvatt er til þess að nemendur skrái sig sem fyrst á innritunarvef, skoði vel umsóknarblaðið og undirbúi umsókn sína vel og vandlega.

Upplýsingar um framhaldsskólánám á Íslandi og innritun eru á vefslóðinni <http://menntagatt.is>. Þar er einnig leitast við að svara spurningum sem gjarnan vakna, sjá tengilinn "**spurt og svarað**".

Júlíana Jónsdóttir hefur ásamt umsjónarkennurum og deildarstjóra verið að fræða nemendur um val í framhaldsskóla ásamt því að nokkrir þeirra hafa verið heimsóttir. Þá var opið hús í Flensborgarskólanum fyrir nokkru þar sem framhaldsskólar kynntu starfsemi sína. Frekari kynningar eru á döfinni hér í skólanum og verða tilkynningar um slíkt sendar með rafrænum hætti.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**

skólastjóri